

Fundur trúnaðarmanna á vaktavinnustöðum

Dagskrá:

1. Ávarp formanns: Ingibjörg Sif
2. Vaktahvati og tímaskráning. Jenný og Ingólfur frá kjaradeild.
3. Önnur mál

Dags. fundar: Þri 16.okt 2024	Kl. 13:15	Nr. fundar:
Fundarboð: Jakobína Þórðar	Fundarritari: KEA	Staður: Grettisgata 89

Ingibjörg Sif formaður Sameykis býður trúnaðarmenn velkomna, kynnir sig og reifar formannaskiptin. Þórarinn Eyfjörð hefur stigið til hliðar sem formaður og Ingibjörg Sif varaformaður tekið við keflinu.

Jenný lögfræðingur Sameykis fer yfir vaktahvata í kjarasamningum fyrir vaktavinnufólk hjá ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum. Þessir samningar gilda ekki fyrir sérsamninga eins og Isavia – það verður fjallað um þá síðar. Áhersla er lögð á breytingar sem tóku gildi fyrr og eins þær sem taka gildi 1.nóvember. Það er vilji til að mæta mismunandi skoðunum mismunandi vinnustaða.

Fram kemur að gefið verður út heildarplagg. Ríkið er fyrst til að gefa út þennan heildarsamning sem er verið að fara yfir núna. Heildarsamningur fyrir alla kemur á næstu mánuðum.

Sama álag fyrir bakvaktir og aðrar vaktir er breyting. Gerð var bókun um það. Hópur er að skoða hvernig bakvaktir virka og það verður ný grein um bakvaktarfrí.

Vægi vinnuskyldustunda (sjá glærur)

Ánægja með það sem náðist. Tímabilið er 3 mánuðir.

Fram kemur að barist var fyrir föstum vaktahvata en svar ríkisins var að það væru lög um hlutastörf.

Aðilar sammála um að lögin væru góð til að vernda hlutastörf. Vaktahvatinn greiðist 1.des f. sept, okt og nóv.

Rætt um aukavaktir – hvort þær komi inn í vaktahvata. Umræður um mismun á vaktahvata og yfirvinnu.

Athuga þarf að skoða betur matar og kaffitíma. Rætt um að það þurfi að skýra saminga eins og tímavinnusamninga vs. fasta samninga sem getur skapað brot á hvíldartíma.

Erfitt að fylgja því efir, en alltaf verið að reyna að vinda ofan af því.

Gerðar voru bókanir um vinnuskila viðmið og hóp um betri vinnutíma.

Fram kemur athugasemd um að það vanti aðila sem vinnur vaktavinnu í stýrihópinn.

Stungið upp á að fundurinn álykti um það – fært í önnur mál.

Ingólfur deildarstjóri kjaradeildar fer yfir tímaskráningarkerfið. Starfsfólk á að hafa aðgang að útreikningum og upplýsingum á bak við þá. Þarf að vera skýrleiki og sýnileiki. Verið að hanna nýtt tímaskráningarkerfi hjá ríinu sem leysir af kraðakið í skráningarkerfunum. Á að hjálpa til við mönnunarvandann og vaktarúllur.

Önnur mál:

Lagt til að fundurinn samþykki ályktun um að skipaður verði vaktavinnuaðili í stýrihóp um betri vinnutíma. Jakobína stingur upp á að við fáum fund með fulltrúum úr stýrhópnum og vaktavinnuhópnum. Fram kemur ósk um að halda annan og lengri fund um þessi mál. Vaktavinnufólk þarf að hafa hærrí rödd í Sameyki og BSRB. Fram kemur tillaga að halda annan fund sem gerir ályktun. Ljóst er að það er mikil samtalsþörf í þessum hópi. Rætt um hvaða dagsetning henti fyrir slíkan fund án skýrrar niðurstöðu en Ingólfur bendir á að stefnt er að heildarskoðun á virkni þessara breytinga í feb-mars þegar þær hafa tikkað inn. Fram kemur ósk frá starfsmanni Isavia á fundinum að halda fund með þeim. Jóhanna fræðslustjóri bendir á að nú sé tími til að vera með fræðslu fyrir folk sem vinnur við að smíða vaktir í kerfunum – þarf að fara að hlutgerast.

Heitar umræður í lok fundar um störf og þóknunir fyrir trúnaðarmannastörf í vinnutíma og frítíma.

Fundi slitið 15:40